

## Hildur Edwald

skjalaritari

skrifstofa Alþingis, nefndasviði

29. Apríl 2021

**Efni: Umsögn EM Orku með vísan í umsagnabeiðnir frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 15. apríl síðastliðnum, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku) & þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Athygli er vakin á því að umsögnin er sameiginleg um þingmálin tvö.**

**Varðandi þátttöku ráðherranna í ferlinu eins og lýst er í c-lið 10. gr. í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 48/2011**

*“Fallist ráðherra ekki á tillögu verkefnisstjórnar skal hann rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna umsækjanda og er stjórnvöldum þá óheimilt að veita leyfi til nýtingar virkjunarkostsins innan svæðisins.”*

Verkefnastjórn rammaáætlunar er fjölbreyttur hópur sem bæði umhverfis- og orkumálaráðherra hafa hönd í að skipa og leitast hópurinn eftir faglegu áliti sérfræðinga á viðkomandi sviðum og skilar rökstuddum ráðleggingum til þeirra sem taka að lokum stjórnvaldsákvörðun. Rannsóknarvinna rammaáætlunar eru í samræmi við sífellt ítarlegri rannsóknir sem eiga sér stað í skipulagsferlinu og síðar við mat á umhverfisáhrifum og þá línu ætti ekki að rjúfa með pólitískri ákvörðun.

Þar sem vinna rammaáætlunar er byggð á vísindalegu ferli tekur EM Orka fúslega þátt, en valdið til að hafna verkefni á ekki að vera pólitískt og EM Orka vildi helst sjá að stjórnvaldsákvörðun yrði afhent Orkustofnun eða jafnvel sveitarfélögi umrædds verkefnis. Það er óviðunandi hætta á pólitískum afskiptum eða seinkun, þegar ráðherra getur ákveðið örlög þvert á ráðleggingar verkefnahóps rammaáætlunar. Höfnun ráðherra væri pólitísk ákvörðun fremur en vísindaleg þar sem ekki er tiltekinn nein stofnun né nefnd sem ráðherra myndi sækjast eftir áliti eða rökstuðningi hjá. Ráðherra sjálfur hefur hvorki tíma né yfirsýn til skoða málið jafn gagnert og fjölskipuð verkefnastjórn rammaáætlunar. Því er hætta á að höfnun hans sé byggð á skorti á rannsóknum og myndi hallast að pólitískri hlutdrægni.

Þó að EM Orka mæli með að loka stjórnvaldsákvörðun færist til Orkustofnunar þá er það breyting til hins betra frá því sem fyrst var kynnt að nú muni umhverfisráðherra vinna með orkumálaráðherra við að samþykkja ráðleggingar um rammaáætlun. Jafnvel er mikilvægara að nú skuli ráðherra skila ákvörðun innan 6 vikna. En til að tryggja að þessi 6 vikna tímarammi séu ekki orðin tóm þarf öryggisventil, annars er augljós hætta á miklum töfum. Þar sem ferlið þarf endanlegt samþykki stjórnvalds mælir EM Orka með því að ef ráðherra bregst ekki við innan 6 vikna færist stjórnvaldssamþykkið til Orkustofnunar.

**Varðandi 10 km jaðarsvæði eins og lýst er í „2.2. Svæði innan 10 km í nágrenni friðlýstra svæða í flokki 1.“ í tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisstjórnarinnar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands**

Reglur og lög verða að vera til staðar þegar fyrirtælanir eru um verkefni innan verndra svæða, hins vegar er yfirdrifið að setja öll verkefni sem eru innan en að bæta við 10 km jaðarsvæðis undir sama hatt þar sem nánast allt svæði annað en vernduð svæði og miðhálandi fellur þar undir. Ef lítill greinarmunur er gerður á verkefnum innan gula svæðisins eykst hættan á hlutdrægri óvísindalegri höfnun þar sem verkefni hafa ekki klárað rannsóknir sem annars mætti búist við í umhverfisáhrifum framkvæmda. Án slíkra rannsókna geta verkefni ekki varið sig gegn óvísindalegum alhæfingum og eiga á hættu að verða stöðvuð ótímabært. Réttast væri að brjóta þetta svæði betur upp. Á því stigi sem rammaáætlun tekur við hugmyndum er ekki hægt að gera slíkar kröfur sem mat á umhverfisáhrifum krefst.

Vel ígrunduð og vísindaleg ályktun verkefnisstjórnar rammaáætlunnar ætti ekki að víkja fyrir pólitískri hlutdrægni. Ef verkefnisstjórn rammaáætlunnar yfirsést óljós atriði sem gæti reynst hafa neikvæð áhrif eru slík atriði leidd fram í dagljósið í mun nákvæmari rannsóknum á umhverfismati áætlaða (sem hluti af aðalskipulagi sveitarfélaga) og umhverfismati framkvæmda.

Sveitarfélög þurfa einnig að geta haft réttindi og getu til að haga skipulagi sínu fyrir vindorkukosti sem samkvæmt skilgreiningu falla inn 10 km jaðars verndaðs svæðið. Til þess þurfa leiðbeiningar að vera ítarlegri til að viðeigandi rannsóknir geti átt sér stað. EM Orka mælist þess vegna með að viðmið hvers jaðarsvæðis verði gerð skýrari.

Ríkarður Örn Ragnarsson  
Verkefnastjóri EM Orku.